



Greinargerð vegna athugasemda við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreitur

1. Grenndarkynnt skipulagstillaga

Umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits, sem felst í að fella niður byggingarreit fyrir bílskúr, breyta byggingarreit íbúðarhúss og setja 8 bílastæði innan lóðar.

Gildandi deiliskipulag var samþykkt í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar 2013

Ein athugasemd barst.

2. Kynningarferli

Skipulags og umhverfisráð samþykkti grenndarkynningu á erindinu 29.08.2022 í samræmi við skv. 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir Kirkjubraut 2, 3 og 4, Skólabraut 37 og Heiðargerði 6 og 8.

Grenndarkynnt var frá 6. september til og með 4. október 2022.

3. Athugasemdir við breytingu

Skólabraut 37

Lóðarhafar við Skólabraut 37 setja athugasemd í sambandi við breytingu á deiliskipulagi vegna Kirkjubraut 1. Lóðarhafar telja breytingar á lóðinni í bílastæði verði sjónmengun og hávaðamengun. „Ef að þessu verður þá förum við fram á að sett verði upp skjólgirðing á milli lóða. Við förum fram á að sett verði upp há girðing frá bílskúr á Skólabraut 37 ca hálfa leið í átt að götu og lága girðingu í framhaldi að því í átt að götunni, til að dempa hávaða frá bílum og annan umgang.“ Lóðarhafar gera einnig kröfu um að umgengi verði snyrtileg og tillit tekið til nágretta, lóðarhafar eru með tillögu að girðingu á milli, viljum ekki hvað sem er.

Svar við athugasemd:

Skipulagsfulltrúi leggur til að lóðarhafa Kirkjubrautar 1, verði gert að ganga á snyrtilegan hátt frá lóð í samráði við nærliggjandi lóðarhafa Lóðarhafi setji upp á sinn kostnað skjólgirðingu í samráði við nærliggjandi lóðarhafa á Skólabraut 37 og Heiðargerði 6. Horft verði til þess að lágmarka sjón, hávaða og umhverfismengun.

Akranesi 2.11.2022

Greinargerð samþ. á fundi skipulags- og umhverfisráðs 14.11.2022

Greinargerð samþ. á fundi bæjarstjórnar 22.11.2022

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Halla Marta Árnadóttir
skipulagsfulltrúi